

miða fyrningu við 1. júlí það ár, sem gerð bifreiðarinnar er kennd við, eða framleiðsluárið, ef árgerð helzt óbreytt tvö ár eða fleiri.

Verð bifreiðar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.

Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðsstarfsmanns, sem seld er hérlandis, en hefur verið flutt inn samkv. 8. tölulið 2. gr. tollskrárlaga, fynnist samkv. 1. lið, en skoðast flutt til landsins á söludegi.

4. Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða samkv. 1. lið skal hvorki taka tillit til útlits né ástands þeirra.
5. Matsregla sú, sem fram kemur í 1. lið er bindandi og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða, til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. desember 1970 og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 129/1969 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1970.*

**Magnús Jónsson.**

*Björn Hermannsson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Borgarness, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 10. nóvember 1970.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ um Menningarsjóð Borgarness.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarness.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 22. marz 1967, í tilefni af 100 ára verzlunarafmæli Borgarness.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

- a. Að styrkja efnilegt námsfólk úr Borgarnesi til framhaldsnáms innanlands eða utanlands í hugvísindum eða raunvísindum.
- b. Að búa Dvalarheimili fyrir aldrað fólk í Borgarnesi svo úr garði, að það uni dvöl sinni þar sem bezt.
- c. Að stuðla að kaupum á listaverkum, þegar safnabús verður reist hér í bæ.

## 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur — sem innborgast af Borgarneshreppi með árlegu framlagi kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — á ári, næstu tíu ár. (Í fyrsta sinn 1968).

## 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheit, minningagjafir og önnur skyld fjárframlög.

## 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxtast þar sem hreppsnefnd telur heppilegast og tryggast. Úthlutun úr sjóðnum má hefjast, þegar sjóðurinn nemur kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónum — og má þá verja úr honum helmingi vaxtateknanna, en hinn helmingur vaxtanna leggist við höfuðstól.

Sjóðstjórnin hefur heimild til að leggja stærri hlut til höfuðstóls einstök ár, en hér er ákveðið, og einnig geyma til síðari ára til úthlutunar þá, nokkurn hluta eða allt, sem kemur til úthlutunar ár hvert.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa fimm menn: Oddviti Borgarneshrepps, forseti Rotaryklúbbs Borgarness, formaður Lionsklúbbs Borgarness og tveir menn, er kosnir eru af hreppsnefnd Borgarneshrepps og tveir til vara.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún meðal annars skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins, enn fremur umsóknir um styrk og hverjum styrkur er veittur hverju sinni.

## 9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Borgarneshrepps og þeir birtir ásamt reikningum hreppsins.

## 10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**REGLUGERÐ**

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

**I. SKOÐUN SKIPA O. FL.**

## 1. gr.

**Aðalskoðun.**

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips, skal eigandi þess greiða í ríkissjóð, sem hér segir: